

FJÁRMÁLA**E**FTIRLITIÐ

Tilvísun: 2008100042

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS

um fjórðu breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 14. október 2008
um ráðstöfun eigna og skulda
Glitnis banka hf. til Nýja Glitnis banka hf.

Með heimild í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008, tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun:

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins í þessu máli frá 14. október 2008 var tekið fram að Nýi Glitnir banki hf. nú Íslandsbanki hf. skuli gefa út skuldabréf til Glitnis banka hf. til greiðslu endurgjaldsins fyrir því sem ráðstafað er til nýja bankans. Þá er tekið fram að skilmálar skuldabréfsins skuli liggja fyrir innan 10 daga frá því að niðurstaða matsaðila liggur fyrir. Samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 14. febrúar sl., skal niðurstaða matsaðila um mat á eignum og skuldum skal liggja fyrir eigi síðar en 15. apríl 2009. Það skuldabréf eða fjármálagerningur sem gefinn verður út frá nýja bankanum til þess gamla er flókinn gerningur og viðameiri en ætlað var. Þá er mikilvægt að stjórnvöld fái svigrúm til að taka afstöðu til gerningsins að höfðu samráði við skilanefndir og fulltrúa kröfuhafa eftir því sem unnt er. Af þessum sökum er talið nauðsynlegt að veita rýmri tímafrest til að ljúka frágangi þessa fjármálagernings eftir að niðurstaða matsaðila til greiðslu endurgjaldsins liggur fyrir. Er því nú tekin eftirfarandi ákvörðun um breytingu á 2. ml. 12. tl. í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 14. október 2008.

ÁKVÖRÐUN:

Skilmálar fjármálagerningsins skulu liggja fyrir eigi síðar en 18. maí 2009.

Öll ákvæði fyrri ákvarðana í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

6. mars 2009.

Gunnar Haraldsson
Formaður stjórnar

Ragnar Haflidason
Forstjóri